

## Tillaga til þingsályktunar

um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum.

Flm.: Jónína Rós Guðmundsdóttir, Logi Már Einarsson,  
Ólína Þorvarðardóttir, Skúli Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram, í samvinnu við heimamenn og orku-fyrirtæki, að vinna markvisst að því að hægt verði að nýta jarðvarma í Þingeyjarsýslum til stórfelldrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Áhersla verði lögð á að ljúka sem fyrst nauðsyn-legrí forvinnu þannig að unnt verði að ganga til samninga við orkukaupendur um uppbygg-ingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum þegar í byrjun næsta árs.

Mikilvægt er að velja einn eða fleiri trausta, ábyrga og fjárhagslega sterka aðila til sam-starfs um atvinnuuppbyggingu sem byggist á hagnýtingu orkunnar frá háhitasvæðum í Þing-eyjarsýslum. Lögð verði áhersla á að orkan verði nýtt til að skapa sem flest bein, varanleg störf í Þingeyjarsýslum.

### Greinargerð.

Lengi hefur verið unnið að því að nýta þá jarðvarmaorku sem er að finna í Þingeyjarsýsl-um. Ýmis fyrirtæki hafa sýnt því áhuga að nýta orkuna á svæðinu til atvinnuuppbyggingar og er þetta það svæði sem Landsvirkjun horfir einkum til varðandi byggingu nýrra virkjana.

Atvinnuástand í Þingeyjarsýslum þarf að stórbæta eins og víðar á landinu og því er afar mikilvægt að nýta þá endurnýjanlegu orku sem er sannanlega til staðar á svæðinu sem allra fyrst. Uppbygging og atvinnustarfsemi sem því fylgir mun stórefla atvinnumöguleika og hag-vöxt þar og á landinu öllu.

Stjórnvöld þurfa áfram að vinna markvisst með heimamönnum að því að efla samkeppnis-hæfni svæðisins og að undirbúa það fyrir þá uppbyggingu sem fylgir orkunýtingunni. Lands-virkjun og Þeistareykir ehf. vinna að markaðssetningu á orkunni og hafa ýmsir sýnt áhuga á að nýta hana til ýmiss konar iðnaðarstarfsemi svo að ekki ætti að vera flókið að ljúka þessu mikilvæga verkefni sem allra fyrst.